

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 01.02.2006
Tímasetning fundar: 19:00 – 22:30
Fundarstaður: Amokka Café, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Formaður	Mætt
Erna Gísladóttir (EG)	Gjaldkeri	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Meðstjórnandi	Mætt
Fríða Albertsdóttir (FA)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Mætt

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Samskipti við aðildarkóra Gíggunnar

Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að stjórnarmeðlimir hefðu samband við kóra sambandsins til þess að leita fréttu og fá upplýsingar um starfið. Stjórnarmenn gerðu grein fyrir stöðu mála hjá sínum kórum en ekki höfðu allir náð á sínum kórum ennþá. Kvennakór Bolungarvíkur er í fríi þetta starfsár. Ákveðið var að stefna að því að allir væru búnir að hringja í sína kóra fyrir lok mars. Málið er í vinnslu.

2. Breyting á hlutverkaskipan stjórnar

Ákveðið var að EG og FA skiptu um hlutverk. EG mun sjá um gjaldkerastarf Gíggunnar og FA verður meðstjórnandi. HG mun koma þessum breytingum inn á vefsetrið.

3. Fréttabréf

ÁHB lagði fram drög að fréttabréfi. Fundarmenn lásu yfir bréfið og komu með athugasemdir og viðbætur. Ákveðið var að ÁHB myndi bæta þeim athugasemdum inn sem komu fram á fundinum, senda það öllum í tölvupósti til staðfestingar og koma því síðan í póst til allra aðildarkóra fyrir lok febrúar. Ákveðið einnig að senda með fréttabréfinu innheimtubréf vegna félagsgjalds Gíggunnar. EG mun ganga frá innheimtubréfi og senda það til ÁHB. HG mun einnig senda innheimtubréfið á alla aðildarkórana í tölvupósti. Málið er í vinnslu.

4. Námskeið eða fræðslufundur

HG lagði fram tvær tillögur af námskeiðum og SÓ eina. Hugmyndirnar voru ræddar og ákveðið var að HG hefði samband við tvo fyrirlesara til að óska eftir samstarfi þeirra við Gíggunna en stefnt er að því að halda námskeið/fræðslufund fyrir aðildarkóra í lok mars eða apríl. Málið er í vinnslu.

5. Samstarf við Íslensku tónverkamiðstöðina

SÓ og MB greinu frá fundi sem nótunefndin átti við Sigfríði Björnsdóttur hjá Íslensku tónverkamiðstöðinni en ákveðið hefur verið að á heimasíðu Gíggunnar verði tengill yfir á heimasíðu Íslensku Tónverkamiðstöðvarinnar. Tengilinn mun vísa á lista yfir þau lög og tónverk fyrir kvennakóra sem

Tónverkamiðstöðin hefur til sölu. Einnig munu Gígjan og Tónverkamiðstöðin hefja samstarf um að vista lög sem Gígjan hefur flutningsrétt á inni á sérstöku vefsvæði hjá Tónverkamiðstöðinni. Nótunefnd Gíggunnar mun vinna áfram með málið og hefja söfnun á nótum. Ákveði var að byrja á því að safna öllum mótslögum. Því næst að hefja söfnun á þeim lögum sem hafa verið samin/útsett sérstaklega fyrir íslenska kvennakóra. SO mun skrifa kynningu um málið til að setja á vefsetrið. HG mun koma kynningunni inn á vefsetið og útbúa link yfir á umrædda síðu Tónverkamiðstöðvarinnar. Málið er í vinnslu.

6. Aðild að SFH

ÁHB greindi frá stöðu mála varðandi umsókn Gíggunnar um aðild að SFH en hún hafði samband við Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóra SFH. Umsókn Gíggunnar hefur verið kynnt á aðalfundi, vegna umsóknarinnar var sett á laggirnar sérstök laganefnd en breyta þarf núgildandi lögum SFH til þess að heimila Gíggunni aðild að SFH. Nefndin mun væntanlega ljúka störfum fyrir næsta aðalfund sem haldin verður í apríl eða maí. Gígjan mun ekki tapa neinum réttindum verði lögunum breytt á næsta aðalfundi, þar sem að öllum líkindum yrði miðað við þann tíma sem Gígjan sótti um aðild að SFH.

7. Næsti aðalfundur

EG lagði fram þá hugmynd að halda næsta aðalfund Gíggunnar í tengslum við námskeiðið/fræðslufundinn, það myndi sennilega verða til þess að fleiri kæmu á fundinn og þeir kórar sem kæmu lengra að gætu þá átt möguleika á að slá tvær flugur í einu höggi; aðalfund og fræðslufund. Hugmyndin var rædd og ákveðið að stefna að þessu. Málið er í vinnslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:30.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.